

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu hátíðarfundar í tilefni af 70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Haldið í Veröld – húsi Vigdísar, mánudaginn 10. desember 2018 kl. 9.00

Ráðherrar [forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, utanríkisráðherra], góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin hingað í Veröld – hús Vigdísar til að fagna 70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Í dag eru sjötíu ár liðin frá því að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti Mannréttindayfirlýsinguna í kjölfar voðaverka heimsstyrjaldarinnar síðari. Óhætt er að fullyrða að með þessu hafi verið lagður hornsteinn að nýrri heimsskipan. Í yfirlýsingunni felst fyrsta alþjóðlega viðurkenning þess að mannréttindi og frelsi sé réttur allra manna, alls staðar og með því markaði hún þáttaskil í sögunni. Með yfirlýsingunni var lagður grundvöllur að uppbyggingu alþjóðlegs mannréttindakerfis.

Það er gaman að geta þess þar sem við erum stödd í Veröld – húsi Vigdísar, sem er tileinkað kenndu og rannsóknum á erlendum tungumálum, að Mannréttindayfirlýsingin er það skjal sem oftast hefur verið þýtt og er yfirlýsingin til á meira en 500 tungumálum, og er enn í dag mikilvægt tæki í baráttunni fyrir mannréttindum. Hún er undirstaða vinnu stjórnvalda og þeirra fjölmörgu félagasamtaka sem vinna að mannréttindamálum sem standa að þessum hátíðarfundum hér í dag.

Að því sögðu óska ég þess að þið munið eiga gagnlegar samræður um mannréttindamál hér í dag og býð Sigríði Á. Andersen, dómsmálaráðherra, velkomna í pontu.

Takk fyrir.